


ORÐAÞRENNNA VIKUNNNAR

endurvinnna (sagnorð)

Að búa til eitthvað nýtt úr notuðu.

Dæmi: Fyrirtækið endurvinnur gosflöskur úr plasti og býr til úr þeim efni til þess að sauma flíspeysur.




Íbúar Hafnarfjarðar setja pappír í bláu tunnuna. Hann er síðan endurunninn.

útrýmingarhætta (nafnorð)

Dýr (eða plöntutegund) er í útrýmingarhættu ef hætta er á að það deyi út í nánustu framtíð.

Dæmi: Snæuglan er í útrýmingarhættu.



orga (sagnorð)

Hátt og skerandi öskur.

Dæmi: Barnið byrjaði að orga þegar það vaknaði.

ORÐAÞRENNNA VIKUNNNAR

gagnrýnin hugsun

er að vera athugull á allar hliðar máls og að geta fært rök fyrir máli sínu.

Dæmi: Gagnrýnin hugsun er verðmætur hæfileiki sem allir ættu að þjálfra sig í.

áreiðanlegur (lýsingarorð)

Það sem hægt er að treysta, traustur.

Dæmi: Áreiðanlegur starfsmaður óskast.

Dæmi: Mikilvægt er að áreiðanlegar niðurstöður fáiist úr rannsóknum.



mat (nafnorð)

Það að meta eitthvað, skoðun.

Dæmi: Hvert er mat þitt á þessu verkefni?

Dæmi: Það er mat jarðfræðinga að eldgosinu fari að ljúka.



ORÐAÞRENNNA VIKUNNNAR

horn (nafnorð)




Staðsetningarhugtak.

1) Mót tveggja gatna.

Dæmi: Hittumst á horni Strandgötu og Lækjargötu.

2) Mót tveggja veggja.

Dæmi: Stúlkan sat úti í horni og lék sér.



horn (nafnorð)

Stærðfræðihugtak.

Þar sem tvær línur mætast.


horn (nafnorð)

1) Hart, oddhvasst bein á höfði sumra dýra.

Dæmi: Hreindýr bera glæsileg horn.

2) Horn er blásturshljóðfæri

Dæmi: Drengurinn spilaði fallega á hornið sitt.



Mörg orðasambönd eru til þar sem orðið *horn* kemur fyrir, til dæmis *að hafa allt á hornum sér* sem þýðir að láta allt fara í taugarnar á sér. Sjá fleiri dæmi í íslensku nútímamálsorðabókinni á slóðinni:

<http://islenskordabok.arnastofnun.is/islob?ord=20484>

ORÐAÞRENNNA VIKUNNNAR



venja (nafnorð)

Það sem er vanalegt. Vani, siður.


Dæmi: Það er venja að borða saltkjöt og baunir á sprengidaginn.

siður (nafnorð)

Venja.

Dæmi: Það er siður á Íslandi að borða rjómaþollur á bolludaginn.

Það er til siðs að þakka fyrir sig.



Samheiti eru orð sem hafa svipaða eða sömu merkingu. Orðin *siður* og *venja* hafa svipaða merkingu.

hlaupár (nafnorð)

Hlaupár er fjórða hvert ár, þegar febrúar er með 29 daga í stað 28.

Dæmi: Hann fæddist á hlaupársdegi 29. febrúar.



Það eru 365 dagar í venjulegu ári en á hlaupári bætist einn dagur við árið þannig að dagarnir verða 366. Þetta er gert vegna þess að jörðin er örlítið lengur en eitt ár að fara í kringum sólina eða 365 daga, 6 klukkustundir, 9 mínútur og 9 sekúndur. (<https://www.mbl.is/greinasafn/grein/785093/>)

ORÐAÞRENNNA VIKUNNAR

upprifjun síðustu fjögurra vikna

Nafn: _____

Fylltu inn í krossorðaglímuna. Reyndu að nota orð sem tengjast orðinu **endurvinna**.

	e	
	n	
	d	
	u	
	r	
	v	
	i	
	n	
	n	
p	a	ppír

ORÐAÞRENNNA VIKUNNAR

upprifjun síðustu fjögurra vikna

Nafn: _____

Fylltu inn í krossorðaglímuna. Reyndu að nota orð sem tengjast orðinu **áreiðanlegur**.

	á	
	r	
n	e	mandi
	i	
	ð	
	a	
	n	
	l	
	e	
	g	
	u	
	r	

ORÐAÞRENNNA VIKUNNAR

upprifjun síðustu fjögurra vikna

endurvinna (so), **útrýmingarhætta** (no), **orga** (so), **gagnrýnin hugsun**, **áreiðanlegur** (lo), **mat** (no), **horn** (no), **venja** (no), **siður** (no), **hlaupár** (no).

so=sagnorð, lo=lýsingarorð, no=nafnorð

Veldu 3 eða fleiri orð úr boxinu og skrifaðu stutta sögu þar sem orðin koma fyrir.
Mundu eftir fyrirsögn, byrjun, miðju og endi. Myndskreyttu. Gangi þér vel!

[illegible]

Höfundur sögunnar:

Orðaprenna vikunnar. Segðu frá **venju** eða **sið** sem þú þekkir.
Notaðu ritunarrammann til að hjálpa þér að byggja upp frásögnina.
Þú getur fyllt upp í reitina eða skrifað í stílabókina þína og myndskreytt.



Nafn:

Dags:

Titill:

Til að byrja með

Næst á eftir

Síðan

Eftir það

Svo að lokum

Orðaprenna vikunnar. Hægt er að lengja líftíma húsgagna með því að **endurvinnna** gamla hluti. Stóllinn á myndinni er orðinn lúinn og kominn til ára sinna. Þú ætlar að taka málin í þinar hendur og gera hann upp. (t.d. pússa, mála, bólstra, líma, tálga). Hvernig ætlarðu að fara að því?

Notaðu ritunarrammann til að hjálpa þér að byggja upp frásögnina.
Þú getur fyllt upp í reitina eða skrifað í stílabókina þína og myndskreytt.



Nafn:

Titill:

Þú þarft að hafa

1. Fyrst þá

2. Síðan

3. Næst

4. Að lokum